

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Almenn málvísindi

Hann, hún og það... eða hvað?

Um kynhlutlausa persónufornafnið hán

Ritgerð til BA-prófs í almennum málvísindum

Selma Margrét Sverrisdóttir

Kt.: 200990-3319

Leiðbeinendur: Eiríkur Rögnvaldsson og Rannveig Sverrisdóttir

Mái 2016

Ágrip

Hópur fólks á Íslandi sem telur sig ekki vera karlkyns eða kvenkyns hefur stungið upp á því að kynhlutlaust persónufornafn verði tekið upp í íslensku. Nokkrar uppástungur hafa verið nefndar en orðið *hán* hefur fengið mesta umfjöllun. Er það almennt mat hópsins að þau persónufornöfn sem þegar er að finna í málinu henti ekki nægilega vel. *Hann* og *hún* vísa til karlkyns og kvenkyns og henta ekki af þeim sökum. Hvorugkyns persónufornafnið *það* þykir þeim of gildishlaðið og telja að það geti falið í sér neikvæða merkingu. Þessi ritgerð fjallar um *hán*, hugsanlegt nýtt persónufornafn og er hún lögð fram til BA-prófs í almennum málvísindum.

Farið er yfir tengsl tungumáls og sjálfsmyndar og sjónarhorn þeirra sem skilgreina sig ekki eftir kyni rætt í því samhengi. Fjallað er um hvaðan hugmyndin að kynhlutlausu fornafrni kemur, sagt er frá fornafrninu *hán* og viðhorf málnotenda til orðsins er skoðað. Að lokum er fjallað um önnur vandkvæði í íslensku sem fylgja því að tala kynhlutlaust um einstaklinga vegna þess hversu kyngreind íslenska er.

Þakkarorð

Mig langar að þakka leiðbeinendum mínum Eiríki Rögnvaldssyni og Rannveigu Sverrisdóttur kærlega fyrir góða leiðsögn og fyrir að hafa hvort á sinn hátt átt þátt í því að vekja athygli mína á efninu. Öldu Villiljósi vil ég þakka kærlega fyrir viðtal sem hán veitti og fyrir þær upplýsingar sem hán hefur komið á framfæri til mín en lítið er til af heimildum um efnið. Láru Ómarsdóttur þakka ég fyrir þá aðstoð og hvatningu sem hún hefur sýnt mér. Vinum og vandamönnum sem hafa stutt við bakið á mér þakka ég líka en síðast en ekki síst þakka ég Ingunni Sigmarsdóttur, móður minni, fyrir að hafa alltaf trú á mér og þá stöðugu hvatningu sem hún hefur veitt mér ásamt faglegu áliti.

ÁGRIP	2
ÞAKKARORÐ	3
1. INNGANGUR	5
2. KYN Í ÍSLENSKU	6
2. 1. TENGL MÁLFRÆÐILEGS KYNS OG KYNFERÐIS	6
2. 2. KARLKYN Í HLUTLEYSISHLUTVERKI Í ÍSLENSKU	8
2. 2. 1. NOTKUN HVORUGKYNS Í STAÐ KARLKYNS	9
3. TUNGUMÁL OG SJÁLFSMYND	10
3. 1. KYNSEGIN FÓLK	11
4. KYNHLUTLAUS FORNÖFN	13
4. 1. UPPHAF KYNHLUTLAUSRA FORNAFNA	13
4. 2. HEN Í SÆNSKU	13
4. 3. KYNHLUTLAUST FORNAFN Í ÍSLENSKU	15
4. 3. 1. LOKAÐUR FLOKKUR FORNAFNA	16
4. 3. 2. HVERS VEGNA EKKI HVORUGKYNS FORNAFNID ÞAÐ?	17
4. 4. UM HÁN OG NOTKUN ÞESS	17
4. 4. 1. ÖNNUR KYNHLUTLAUS FORNÖFN Í ÍSLENSKU	19
5. NOTKUN HÁN	20
5. 1. KÖNNUN Á VIÐHORFI MÁLNOTENDA TIL HÁNS	20
5. 1. 1. KÖNNUNIN	20
5. 1. 2. NIÐURSTÖÐUR	20
5. 1. 3. MUNUR Á SVÖRUM KARLA OG KVENNA	23
5. 2. MAT KYNSEGIN FÓLKS Á ORÐINU ÞAÐ	26
5. 3. MIKILVÆGI ÞESS AÐ ORÐID KOMI ÚR KYNSEGIN SAMFÉLAGINU	27
6. ÖNNUR VANDKVÆÐI EN PERSÓNUFORNAFNID SJÁLFT	28
6.1 SAMBEYGING LÝSINGARORÐA	28
6. 2. NAFNORÐ	29
6. 3. HÝRYRÐASAMKEPPNI	29
AÐ LOKUM	31
HEIMILDASKRÁ	33

1. Inngangur

Sú uppástunga að taka upp kynhlutlausa persónufornafnið *hán* hefur fengið nokkra umfjöllun í íslensku samfélagi undanfarin misseri. Fjölmiðlar hafa fjallað um orðið og umræða hefur skapast. Hugmyndin kemur úr samfélagi einstaklinga sem ekki vilja skilgreina sig eftir almennri tvíhyggju um kyn, þ.e. hvorki karlkyns né kvenkyns. Persónufornöfnin *hann* og *hún* henta því ekki og að auki þykir hvorugkyns persónufornafnið *það* vera of gildishlaðið til þess að hægt sé að notast við það.

Upptaka nýs persónufornafns hefur í för með sér ýmis vandkvæði og ekki eru allir málhafar hrifnir af þessu nýja orði. Sumir vilja meina að orðið sé óþarft í málinu og benda á að hvorugkyns persónufornafn sé nú þegar til sem vel sé hægt að nota til að vísa til þeirra sem ekki vilja skilgreina sig sem karlkyns eða kvenkyns. Einnig hefur verið bent á að ekki sé hægt að bæta við lokaðan flokk fornafrna. Í þessari ritgerð verður leitast við að svara því hvort þörf sé á nýju persónufornafni í íslensku og hvort mögulegt sé að bæta nýju orði við flokk fornafrna.

Efnisskipan er sem hér segir. Í kafla tvö er fjallað um formdeildina kyn í íslensku og hvernig eðli kyns er mismunandi eftir orðflokkum. Einnig er talað um tengsl málfræðilegs kyns og kynferðis og fjallað um hlutleysi karlkyns í íslensku. Þriðji kafli fjallar um tengsl tungumáls og sjálfsmýndar. Rætt er um það hvernig tungumálið getur útilokað einstaklinga og mikilvægi þess að vísa til fólks með réttu kyni. Fjórði kafli segir hvaðan hugmyndin um kynhlutlaust fornafrn kemur, fjallar um kynhlutlausa fornafrnið *hen* í sænsku og þróun þess. Í kaflanum er einnig sagt frá upphafi orðsins *hán* í íslensku og rætt um lokaðan flokk fornafrna. Í fimmta kafla er farið yfir helstu niðurstöður úr könnun á viðhorfi málnotenda til nýja fornafrnsins og farið yfir það hvers vegna hvorugkyns persónufornafnið *það* hentar ekki eins vel og *hán*. Sjötti kafli fjallar svo um þau vandkvæði sem kunna að fylgja því að tala um einstaklinga kynhlutlaust í íslensku. Helstu niðurstöður eru síðan dregnar saman í lokaorðum.

2. Kyn í íslensku

Kyn er beygingarformdeild í nokkrum orðflokkum í íslensku en staða hennar er mismunandi eftir því hver flokkurinn er. Hjá nafnorðum er kyn orðasafnsþáttur sem þýðir að það þarf að læra sérstaklega. Einnig er kyn orðasafnsþáttur í þriðju persónu fornöfnum. Aftur á móti er kyn aðlögunarþáttur í lýsingarorðum og öðrum fornöfnum en persónufornöfnum. Þetta þýðir að í nafnlið verður að vera sama kyn á öllum orðum. Nafnorð í íslensku hafa þannig fast kyn sem breytist ekki. Fáein nafnorð er að finna í málinu sem eru undantekning á þessu eins og til dæmis orðið *jógúrt*. Þau orð eru þá til í fleiri en einu kyni og er misjafnt eftir málhafa hvort kynið er notað. Þessi nafnorð beygjast ekki eftir kynjum og merkingin er sú sama burtséð frá því hvaða kyn er valið. Lýsingarorð hafa aftur á móti ekki fast kyn heldur ákvarðast kyn þeirra út frá því hvaða nafnorði þau standa með. Segja má að til séu karlkyns, kvenkyns og hvorugkyns útgáfur af öllum beygðum lýsingarorðum sem eru valdar hverju sinni eftir því hvert kyn nafnorðsins er.

- (1) a. Maðurinn (kk.) er **reiður** (kk.).
 b. Konan (kvk.) er **reið** (kvk.).
 c. Barnið (hvk.) er **reitt** (hvk.).

Dæmi (1) sýnir hvernig sama lýsingarorðið getur haft mismunandi kyn og fer það eftir því hvert kyn nafnorðsins er. Kyn nafnorðsins er aftur óbreytilegt og skiptir ekki máli hvernig eða hvar nafnorðið birtist í setningu. Þannig er staða beygingarformdeildarinnar kyn mismunandi eftir því hver orðflokkurinn er.

2. 1. Tengsl málfræðilegs kyns og kynferðis

Í íslensku er algengt að kyn orða, sem notuð eru um fólk, samsvari ekki líffræðilegu kyni einstaklingsins sem það vísar til. Í þessu samhengi má kannski helst nefna starfsheiti. Orðin *læknir*, *flugfreyja*, *fóstra* og *flugmaður* eru nafnorð. Líkt og áður segir er kyn nafnorða fast og breytist því ekki eftir líffræðilegu kyni þess sem orðið vísar til. Þannig getur karlkynsorðið *læknir* verið notað um konu, *fóstra* verið notað

um karl og svo framvegis. Meiri tregða virðist þó vera að nota kvenkyns starfsheiti um karla heldur en karlkyns heiti um konur. Sú staða að algengara er að nota karlkyn um konur en kvenkyn um karla gæti hugsanlega skýrt af hverju konur sætta sig frekar við karlkyns starfsheiti heldur en karlar við kvenkyns heiti.

Algengast er að lýsingarorð og fornöfn fylgi kyni nafnorðsins sem þau standa með. Þó eru dæmi um undantekningar á þessu eins og má sjá í dæmi (2).

- (2) a. Læknirinn sem þú hittir er mjög vinsæll. **Hún** er **ný** á vaktinni.
b. Læknirinn sem þú hittir er mjög vinsæl. **Hún** er **ný** á vaktinni.
c. Læknirinn sem þú hittir er mjög vinsæll. **Hann** er **nýr** á vaktinni.

Liður (a) sýnir hvernig hægt er að skipta yfir í líffræðilegt kyn í næstu setningu án þess að slíkt þurfi að hljóma óeðlilega. Liður (b) hljómar hugsanlega ekki jafn vel þar sem skipt er yfir í líffræðilegt kyn innan sömu setningarinnar og lýsingarorðið fylgir ekki kyni nafnorðs setningarinnar. Sé orðalagið eins og sýnt er í lið (c) gæti sú ályktun verið dregin að um karlkyns lækni væri að ræða.

Nokkur íslensk starfsheiti hljóma á þá leið að þau eigi aðeins við aðila af öðru kyninu. Nafnorðin *ráðherra*, *flugmaður*, *flugfreyja*, *fóstra* og *hjúkrunarkona* sem áður hafa verið nefnd eru dæmi um slík heiti. Brugðið hefur verið á það ráð að finna hentugri heiti sem eiga jafnt við aðila af báðum kynjum eins og *hjúkrunarfræðingur* og *leikskólaliði*. Þrátt fyrir að orðin séu bæði karlkyns vísa þau ekki eins eindregið til annars kynsins líkt og þau orð sem áður voru notuð. Einnig hafa karlkynsmyndir orða verið myndaðar til hliðar við þær sem kvenkyns eru. Dæmi um þetta er *flugþjónn* sem þá er karlkyns mynd af orðinu *flugfreyja*. Enn hefur þó ekki fundist nægilega gott orð fyrir konur sem gegna embætti ráðherra. Starfsheiti sem þessi geta einnig gefið málnotendum fyrir fram ákveðnar hugmyndir um kyn þess sem nafnorðið á við. Þess má geta að hér er ekki einungis málfræðilegt kyn nafnorðsins sem getur gefið þær hugmyndir. Sum þessara orða innihalda orð eins og *herra* og *freyja* sem einungis vísar til annars kynsins.

Tungumálin þýska og spænska hafa, líkt og íslenska, málfræðilegt kyn. Dauðir hlutir eins og *stóll* eða *borð* í þýsku og spænsku geta, líkt og í íslensku, verið karlkyns eða kvenkyns. Rannsókn á þýskum og spænskum málhöfum hefur sýnt fram á að málfræðilegt kyn dauðra hluta hefur áhrif á hugmyndir fólks um þá. Til að mynda er orðið lykill karlkyns í þýsku en kvenkyns í spænsku. Niðurstöður sýna að þýskir málhafar tengja lykil frekar við karlmenn en spænskir við konur. Lýsingar þýsku málhafanna á lyklinum voru grófgerðar en lýsingar hinna spænsku voru fínlegar (Kövecses, 2006, bls. 84-85). Þessi rannsókn styður við þá tilgátu að tengsl séu á milli málfræðilegs kyns og kynferðis í huga fólks.

2. 2. Karlkyn í hlutleysishlutverki í íslensku

Karlkyn gegnir stóru hlutverki í íslensku og er notað í víðari skilningi en kvenkyn. Það er til dæmis notað þegar talað er almennt um fólk án þess að kyn sé tilgreint. Þannig er karlkyn í svokölluðu *hlutleysishlutverki* í íslensku og fleiri tungumálum (Guðrún Þórhallsdóttir, 2008).

- (3) a. Eru *allir* komnir?
b. *Sá* sem vinnur keppnina (*hann*) fær verðlaun.

Dæmi (3) sýnir almenna notkun karlkyns þó svo að setningarnar eigi ekki síður við um konur. Aftur á móti hefðu þær aðra merkingu ef skáletruðu orðin væru í kvenkyni en þá væri einungis verið að tala til kvenna.

Talið er að hlutleysishlutverk karlkyns í íslensku megi skýra með upphaflegu samkyni í indóevrópsku málafjölskyldunni og af þeim sökum hafi karlkyn í íslensku tvíþætt hlutverk. Annars vegar vísar það til þeirra sem karlkyns eru en hins vegar gegnir það gamla samkynshlutverkinu og vísar þá jafnt til kvenna sem karla líkt og dæmi (3) sýnir. Mögulegt er að líta svo á að *karlkyn* sé rangnefni í íslensku og mögulega væri *karl-* og *samkyn* hentugra heiti (Guðrún Þórhallsdóttir, 2008).

Í íslensku er einnig algengt að karlkyns nafnorð séu notuð til þess að vísa til beggja kynja. Dæmi um slík orð eru *gestur*, *hlustandi*, *Íslendingur*. Þessi orð eiga ekkert síður við um konur en karla þrátt fyrir að orðin séu karlkyns. Vissulega eru sambærileg

orð í kvenkyni líkt og *fyrirsæta*, *skræfa* eða *hetja* sem eiga ekki síður við um bæði kyn en slík orð eru sjaldgæfari en þau sem karlkyns eru. Lýsingarorð í eintölu og fleirtölu geta staðið án nafnorða í karlkyni og átt við um bæði kyn; *margur* (et.), *aldraðir* (ft.), *fátækir* (ft.). Að auki er hægt að nota fornöfn í karlkyni sé kyn ekki tilgreint. Dæmi: *Sá sem trúir á mig mun lifa þótt hann deyi* (Guðrún Þórhallsdóttir, 2008).

Ljóst er að karlkyn hefur stærra og fjölþættara hlutverk í íslensku en kvenkyn. Því þarf ekki að koma á óvart að konur séu að einhverju leyti ósáttar við þetta fyrirkomulag. Eðlilegt þykir að tala um konur í karlkyni en ekki telst eðlilegt að tala um karlmenn í kvenkyni (Auður Eir Vilhjálmsdóttir, 2005).

2. 2. 1. Notkun hvorugkyns í stað karlkyns

Mögulegt er að draga úr notkun karlkyns þegar rætt er almennt um fólk með því að nota hvorugkyn fleirtölu. Slíkt kann þó að hljóma einkennilega þar sem það brýtur gegn hefðinni sem er að notast við karlkyn þegar talað er hlutlaust hvað varðar kyn.

- (4) a. *Öll* velkomin
- b. Prestar eru á móti tillögunni, *þau* telja hana hafa neikvæð áhrif.

Líklega er stigsmunur á því hversu einkennilega liðir (a) og (b) hljóma í dæmi (4). Í báðum liðum er hvorugkyn notað þar sem ekki er vitað af hvaða kyni fólk er sem vísað er til. Liður (b) gæti þó hljómað enn síðra en liður (a) þar sem fornaðnið fylgir ekki kyni nafnorðsins.

Guðrún Þórhallsdóttir (2008) telur ýmis vandkvæði vera á því að skipta karlkyni út fyrir hvorugkyn. Hún segir verkefnið vera flókið, helstu lausnir sem nefndar séu snúi að fleirtölu og ekki sé ljóst hvernig eigi að leysa vandann sem snýr að eintölu. Hún segir það vera Íslendingum of framandi að nota hvorugkyn eintölu, *það*, um einstaklinga. Þess ber að geta að þrátt fyrir að eitthvað orð sé Íslendingum framandi er ekki þar með sagt að ógerlegt sé að taka það upp í málinu. Ef sú væri raunin yrðu *hán* sem og önnur nýyrði aldrei að veruleika í íslensku.

3. Tungumál og sjálfsmynd

Tungumál og sjálfsmynd eru ekki algerlega ótengd fyrirbæri. Í bók sinni *Language and Culture* segir Claire Kramsch (2015, bls. 65) að margir telji náttúruleg tengsl vera milli tungumáls ákveðinna félagslegra hópa og sjálfsmyndar þeirra. Málfar, orðaforði, framburður og fleira eru þættir sem fá málhafa til að samsama sig hópnum eða ákveðnu orðræðusamfélagi og þessir þættir gera það að verkum að aðrir sjá málhafann sem hluta af félagslegum hópi. Þannig tilheyrir fólk ákveðnum félagslegum hópi eftir því hvaða eða hvernig mál það talar og sjálfsmynd þess mótast af því. Sem dæmi má nefna að orðaforði eldra fólks er um margt frábrugðinn orðaforða þeirra sem yngri eru og framburður fólks eftir landshlutum getur verið mismunandi.

Vegna þessa tengsla tungumálsins við sjálfsmyndina getur tungumálið haft víðtæk áhrif á sjálfsmynd hvers einstaklings. Sjálfsmynd segir til um hvernig einstaklingur lítur á sjálfan sig. Kyn fólks er partur af sjálfsmynd þess og þeim hugmyndum sem það hefur um sjálf sig. Ef konu er vísað í karlaklefann í sundi verður hún líklega móðguð. Sama gildir um síðhærðan strák sem spurður er hvort *hún* sé ekki svöng. Fólk vill almennt ekki láta vísa til sín með röngu kyni, hvort sem það er með gjörðum eða orðum.

Nýfædd börn hafa engin útlitseinkenni sem segja til um kyn þeirra að kynfærum undanskildum. Foreldrar hafa brugðið á það ráð um árabíl að klæða stúlkur í bleikt og drengi í blátt. Hugsanlegt er að slíkt sé meðal annars gert til þess að fólk átti sig á kynferði barnsins svo enginn misskilningur eigi sér stað. Gæludýraeigendur eiga það jafnvel til að leiðrétta fólk ef það notar persónufornafn af röngu kyni um dýr þeirra.

Kyn persónufornafna hefur því augljóslega áhrif á sjálfsmynd fólks.

Kramsch segir einnig (2015, bls. 75) að sjálfsmynd þjóðar sé á einhvern hátt tjáð með tilbúnum málstaðli, sem er búinn til út frá ólíkum mállýskum eða tilbrigðum. Þá eru ákveðin afbrigði í málinu valin sem viðmið umfram önnur og getur það haft í för með sér að þeir sem ekki nota þessi afbrigði upplifi sig utangátta. Opinberi málstaðallinn er sá sem birtist í orðabókum og viðurkenndri málfræði, t.d. þeirri sem kennd er í skólum. Í tungumáli eins og íslensku sem hefur málfræðilegt kyn og persónufornöfn sem beygjast í þremur kynjum er ekki gert ráð fyrir kynhlutlausu persónufornafni. Það

getur reynst erfitt að breyta málinu og almennri málnotkun þannig að kynhlutlausu persónufornafnið verði viðurkennt og þeir sem það nota upplifi sig ekki utangátta.

Í kafla tvö segir frá viðamiklu hlutverki karlkyns í íslensku. Slíkt getur haft áhrif á einstaklinga og má þar til dæmis nefna Kvennakirkjukonur, hóp kvenna sem starfa innan Kvennakirkjunnar. Þær hafa brugðið á það ráð að gefa út sitt eigið rit, *Vinkonur og vinir Jesú*, þar sem notast er við *mál beggja kynja* eins og þær kalla það, þ.e. notast er við hlutlausara orðalag og hvorugkyn notað í stað karlkyns í hlutleysishlutverki þar sem það á við. Ástæða þess að konurnar gáfu ritið út er sú að þær upplifa sig gjarnan út undan og telja að karlmiðað mál Biblíunnar útiloki þær. Kvennakirkjukonur eru á þeirri skoðun að ekki sé rétt að tala í karlkyni almennt í þeim tilfellum þar sem vitað er að hópur samanstendur af báðum kynjum. Einnig kjósa þær að notast við hvorugkyn fleirtölu í stað karlkyns þegar talað er almennt, sé það hægt (Auður Eir Vilhjálmsdóttir, 2001).

Sú upplifun að málið útiloki konur einskorðast ekki við mál Biblíunnar. Orðið *skáld* er hvorugkynsorð sem hægt er að nota um konur sem og karla. Samt sem áður er orðmyndin *skáldkona* til sem segir að ástæða þyki til að taka sérstaklega fram ef um konu er að ræða. Einnig má nefna orð eins og *hetja* sem meira að segja er kvenkyns orð og ætti, líkt og orðið *skáld*, að ná yfir konur jafnt sem karla en einhverra hluta vegna er orðmyndin *kvenhetja* líka til. Þess má geta að hvorki eru til orðmyndirnar *skáldmaður* eða *karlhetja* (Eiríkur Rögnvaldsson, 2013, bls. 149). Málið getur því útilokað annað kynið á vissan hátt með ýmsum leiðum.

3. 1. Kynsegin fólk

Í hugum flestra skiptist mannkynið í tvennt, konur og karla. Aðrir eru þeirrar skoðunar að sú hugmynd að fólk sé annaðhvort karl eða kona og ekkert þar á milli sé úrelt. Á Íslandi er hópur fólks sem upplifir sig *hinsegin*, þ.e. á einhvern hátt öðruvísi en aðrir hvað varðar kynvitund eða kynhneigð (Um Samtökin '78, 2016). Innan hans má meðal annars finna *trans einstaklinga* (e. *transgender*), hóp fólks sem upplifir sig af öðru kyni en því var úthlutað við fæðingu. Einnig er innan hinsegin samfélagsins *kynsegin fólk* (e. *gender queer*). Kynsegin er regnhlífarhugtak yfir fólk sem lítur ekki á sig sem einungis karlkyns eða kvenkyns. Sumir upplifa sig sem hvort tveggja, aðrir sem hvorugt og enn aðrir eitthvað þar á milli sem ekki verður unnt að útskýra hér

(Alda Villiljós, 2016). Sumir trans einstaklingar gangast undir kynleiðréttingu en ekki allir. Margir þeirra kjósa að notast við annaðhvort fornafn *hann* eða *hún* en það er þó ekki algilt. Sumt trans fólk vill notast við kynhlutlaus persónufornöfn og er því í hópi með kynsegin einstaklingum. Til þess að forðast að særa þessa einstaklinga með orðum er best að spyrjast fyrir um hvaða persónufornafn hver trans einstaklingur kjósi að nota (sjá nánar Áttavitinn, 2016).

Það er almennt álit fólks innan kynsegin samfélagsins að ekkert persónufornafn í íslensku sé nægilega gott til þess að vísa til þeirra sem ekki skilgreini sig sem karlkyns eða kvenkyns. Þessum einstaklingum finnst ekkert þeirra þriggja persónufornafna sem þegar eru til, þ.e. hann, hún og það, vera nægilega hentugt. Einstaklingar innan hópsins hafa nú brugðið á það ráð að búa til sitt eigið persónufornafn til þess að nota um sjálfa sig. Almennigur hefur á því mismunandi skoðanir. Sumir eru tilbúnir að leggja á sig að nota þessi orð sem kynsegin fólkið óskar eftir. Aðrir segja það af og frá og finnst jafnvel ekki vera þörf á slíku.

Er það almennings, sem ekki telur vöntun á slíku kynhlutlausu fornafni, að meta hvort þörf sé á slíku fornafni? Sá sem lendir í einelti metur það sjálfur hvort verið sé að leggja hann í einelti og það er ekki gerandans að meta hvort um einelti sé að ræða. Ekki er það karlmanna að meta hvort eigi að bjóða upp á dömubindi á almenningssalernum, það er kvenna að meta hvort þörf sé á slíku. Að sama skapi hlýtur það að vera kynsegin einstaklinga að ákveða hvort þörf sé á nýju persónufornafni sem vísar til þeirra. Telji þessi hópur vera þörf á því hlýtur svo að vera.

Mikilvægi þess að vera skilgreindur af réttu kyni er partur af sjálfsmynd fólks. Kynsegin einstaklingar ættu ekki að vera undanskildir hvað þetta varðar. Þrátt fyrir að þeir skilgreini sig ekki sem annaðhvort karlkyns eða kvenkyns er ekki þar með sagt að það særi þá minna en annað fólk að vera stöðugt skilgreindir eftir kyni sem þeir telja sig ekki tilheyra. Hugmyndir sem Kramsch (2015, bls. 65) nefnir um náttúrulega tengingu tungumáls og sjálfsmyndar samræmast þeim hugmyndum sem hér hefur verið fjallað um, þ.e. hvernig tungumálið getur haft þau áhrif að einstaklingar jafnvel upplifi sig út undan.

4. Kynhlutlaus fornöfn

4. 1. Upphaf kynhlutlausra fornafna

Upphaflegar hugmyndir um kynhlutlaus fornöfn er að finna í orðinu *hen* í sænsku og raunar er fyrirmyndi þess sótt í finnsku sem er kynlaust tungumál. *Hen* hefur fengið töluverða umfjöllun á síðustu árum og árið 2012 var sérstaklega mikilvægt varðandi þróun orðsins. Þrátt fyrir það er orðið ekki algerlega nýtt af nálinni. Karin Milles (2013) segir frá því að fyrir fimmtíu árum eða árið 1966 hafi Rolf Dunås nefnt *hen* í skrifum sínum. Þar segist hann láta sig dreyma um að slíkt fornafn geti orðið að veruleika og nefnir hann finnska persónufornafnið *hän* í því samhengi sem leyst geti bæði *han* og *hon* (*hann* og *hún*) af hólmi. Ári síðar nefnir Karl-Hampus Dahlstedt (1967) *hen* í sínum skrifum og vísar hann einnig í finnska fornafnið máli sínu til stuðnings.

Ljóst er að strax á sjöunda áratugi síðustu aldar hafi menn farið að velta fyrir sér ágæti kynhlutlauss persónufornafns og þeim vanda sem slíkt orð gæti leyst. Þó var umræða um kynsegin fólk ekki farin af stað á þessum tíma og því líklegra að orðið ætti að nota í þeim tilgangi að vísa til einhvers af óþekktu kyni. Eins og segir hér að ofan er fyrirmynd kynhlutlausra fornafnsins *hen* í sænsku að finna í finnska persónufornafninu *hän*. Finnska hefur ekki málfræðilegt kyn og þess vegna er þriðju persónu fornafnið *hän* í finnsku notað til þess að vísa til karla jafnt sem kvenna. Kyngreining tungumálsins er því líklega vandamál sem kynsegin finnskumælandi einstaklingar þekkja ekki.

4. 2. Hen í sænsku

Sænska er svipuð og íslenska þegar horft er til málfræðilegra kynja. *Han* og *hon* eru fornöfn sem samsvara *hann* og *hún* í íslensku (Milles, 2013). Þörf á kynhlutlausu fornafni virðist því ekki minni í sænsku en í íslensku. Slíkt fornafn nýtist til þess að vísa til kynsegin einstaklinga sem vilja ekki skilgreina sig sem karl- eða kvenkyns. Hvað kynhlutleysi tungumálsins varðar stendur sænskan betur að vígi en íslenskan því í sænsku eru lýsingarorð kynhlutlaus. Nánar er fjallað um sambeygingu lýsingarorða í íslensku í kafla sex.

Sænska fornafnið *hen* hefur hlotið athygli í sænsku málsamfélagi á síðustu árum og var árið 2012 sérstaklega áhrifaríkt hvað varðar sögu og þróun orðsins. Olle Josephson (2013) prófessor í norrænum málum hefur orð á því að árið 2012 komi til með að vera *hen-árið* í málsögunni. Árið er merkilegt að því leyti að umræða um orðið fór á flug í kjölfar útgáfu barnabókarinnar *Kivi och monsterhund* (Ledin og Lyngfelt, 2013).

Sagan fjallar um krakkann Kivi sem ekki hefur tilgreint kyn. Kivi er dulkynja (e. *androgynous*) og er vísað til háns með fornafninu *hen*. Einnig leikur höfundur sér með frændsemisorð í bókinni með því að skeyta þeim saman. Sem dæmi er talað um *fæður* og *meður* (s. *mappor* og *pammor*) í stað þess að tala um *feður* og *mæður*. Sama gildir um orð eins og *systkini*, *ömmur*, *afa* og önnur frændsemisorð (Lundqvist, 2012). Höfundur bókarinnar dregur með þessum hætti úr áherslu á kyn sögupersóna og leyfir þeim að njóta sín sem þær sjálfar burtséð frá kyni. Sú aðferð sem Jesper Lundqvist fer í skrifum sínum getur dregið úr þeim staðalmyndum sem börn hafa af körlum og konum úr bókum, sjónvarpsefni, auglýsingum og fleiru. En slíkar staðalmyndir gefa börnum fyrir fram ákveðnar hugmyndir um hvernig þau eigi að haga sér út frá kyni sínu.

Ókyngreindar persónur eru ekki óþekkt fyrirbæri í skáldsögum. Til dæmis hefur íslenski rithöfundurinn Arnaldur Indriðason leikið sér að því að leyfa lesendum sínum að velkjast í vafa um kyn sögupersónu sinnar Marion Briem. Þessi persóna kemur fyrst fram í bókinni *Mýrin* (Arnaldur Indriðason, 2000). Arnaldur hafði þó ekki persónufornafn á borð við *hán* til þess að vísa til kynhlutlausu persónunnar og hefur því þurft að vanda til verka því eins og áður kemur fram er íslenska mjög kyngreint mál.

Sven-Göran Malmgren ritstjóri Sænska akademíska orðalistans segist árið 2014 hafa verið tvístíga í nokkur ár með hvort *hen* ætti heima í orðalista Sænsku akademíunnar. Slíkar efasemdir hafi þó orðið að engu því orðið sé bersýnilega ekki á förum úr málinu. Í sama viðtali tilkynnir Malmgren að *hen* komi til með að finnast í nýjustu útgáfu orðalista Sænsku akademíunnar sem þá var væntanleg innan árs (Henriksson, 2014). Þessar yfirlýsingar Malmgren stóðust og ári síðar birtist orðið í þessum virta orðalista Sænsku akademíunnar (Gabrielsson, 2015).

Þrátt fyrir að *hen* sé að einhverju leyti komið í notkun (sbr. orðalista Sænsku Akadémiunnar og barnabókina *Kivi och monsterhund*) kemur fram í skrifum Per Ledin og Benjamin Lyngfelt (2013) að orðið sé enn í *meta-notkun*. (e. *meta use*) Þetta þýðir að það er notað meira í umræðum um orðið sjálft en í almennri notkun. Á tilteknum stöðum má þó finna meiri notkun fornafnsins en annars staðar, til dæmis í bloggskrifum kynsegin fólks og í sænskum ritgerðum (Ledin og Lyngfelt, 2013). Þróun *hen* hefur verið hröð síðustu ár og aldrei að vita nema orðið verði farið að skipa stóran sess í sænsku málsamfélagi áður en langt um líður.

4. 3. Kynhlutlaust fornafn í íslensku

Alda Villiljós er einstaklingur sem telur sig hvorki vera karlkyns né kvenkyns. Alda hefur skrifað pistla meðal annars á vefsíðunni www.knuz.is. Hán hefur vakið athygli á orðinu *hán* og með skrifum sínum komið af stað umræðum. Kynhlutlausa fornafnið *hán* varð til í íslensku þegar Alda hélt heim eftir dvöl erlendis þar sem hán kynntist kynhlutlausum fornöfnum. Um tíma bjó hán í London og komst þar í kynni við hugmyndir um kynhlutlaus fornöfn sem þar voru nýyrði (Alda Villiljós, 2013). Listi yfir slík orð í ensku er heldur langur en nokkrar hugmyndir eru á lofti (sjá nánar hér: <https://genderneutralpronoun.wordpress.com>).

Alda (2016) segist þó sjálfst kunna best við orðmyndina *they* og telur að sú skoðun sé algeng. Orðið er þegar að finna í málinu og því þarf einungis að virkja það í þeirri merkingu að tala kynhlutlaust um einstaklinga í eintölu.

- (5) a. The customer should know how much they have to pay.
- b. People get scared when they are alone.
- c. Teachers are also tired when they get home.

Eins og dæmi (5) sýnir er fornafnið *they* virkt í ensku þegar vísað er til einhvers sem ekki hefur fyrir fram ákveðið kyn bæði í eintölu og fleirtölu. Hafa kynsegin einstaklingar stungið upp á því að *they* sé að auki notað í eintölu á kynhlutlausan hátt til þess að vísa til þeirra (Non-binary Íslendingar, e.d.).

Síðar fluttist Alda (2013) til Svíþjóðar og kynntist kynhlutlausu fornafninu *hen* í sænsku. Meðan Alda dvaldi í Svíþjóð vandi hán sig á að nota *hen* um sjálf sig. Síðar lá leið hans aftur til Íslands og þá áttaði hán sig á því að þörf væri á að finna eitthvert orð í íslensku sem svipaði til sænska *hen*. Alda gat ekki hugsað sér að flytja heim og þurfa að velja milli þess að vera *hann*, *hún* eða *það*.

4. 3. 1. Lokaður flokkur fornafna

Orðflokkar í íslensku eru venjulega sagðir annaðhvort lokaðir eða opnir. Flokkur nafnorða, lýsingarorða og sagnorða er til dæmis opinn vegna þess að endalaust má bæta við hann nýjum orðum. Fornöfn falla ekki undir þennan flokk heldur tilheyra þau lokaðum flokki orða líkt og forsetningar og samtengingar. Að flokkurinn sé lokaður þýðir að við hann bætast ekki ný orð. Samkvæmt þessari skilgreiningu er því ekki mögulegt að bæta við nýju fornafni.

Helstu rök sem nefnd hafa verið gegn því að nýtt persónufornafn eins og hán geti orðið að veruleika eru þau að flokkur fornafna sé lokaður. Rök þessi koma aðallega frá málfræðingum en ekki almenningi (Alda Villiljós, 2016). Þrátt fyrir að flokkur fornafna teljist lokaður er ekki þar með sagt að útilokað sé að bæta við hann. Líklegra er að fornöfn séu skilgreind sem lokaður flokkur vegna þess að hingað til hefur ekki verið þörf á því að bæta nýjum fornöfnum við.

Hópur kynsegin einstaklinga á Íslandi hefur komið með tillögur að nýjum kynhlutlausum persónufornöfnum og hefur nú þegar tamið sér notkun þeirra. Erfitt er halda því fram að ekki sé hægt að bæta við nýju fornafni þegar hópur fólks hefur nú þegar gert slíkt. Þá hefur þessum sama hóp að minnsta kosti tekist að gera hið ómögulega. Stundum er það svo að skoðanir fólks á tungumáli eru mikilvægari en málfræðilegar staðreyndir (Burns o.fl., 2001) og slíkt á vel við um það sem gerst hefur innan kynsegin samfélagsins.

4. 3. 2. Hvers vegna ekki hvorugkyns fornafnið *það*?

Þegar rætt er um fornafn sem hvorki er karl- né kvenkyns má vissulega benda á að í málinu er nú þegar að finna persónufornafrn sem er hvorugt, hvorugkyns persónufornafrnið *það*. Þær spurningar kunna að vakna hvers vegna sé ekki hægt að notast við orð sem nú þegar er til í málinu og vísar ekki til kvenna né karla.

Alda Villiljós (2016) segir afar óhentugt að notast við persónufornafrnið *það* og margir einstaklingar séu mótfallnir því innan kynsegin samfélagsins. Orðið segir hán meðal annars notað til þess að vísa til dauðra hluta eða dýra en þar að auki sé það oft notað í niðrandi eða neikvæðri merkingu. Sjálfst kemst Alda (2013) svo að orði í skrifum sínum:

Ég gæti jú notað „það“, en ég er ekki vitsmunalaus hlutur; ég er manneskja og finnst það bæði særandi og niðurlægjandi að vera kallað „það“.

Eiríkur Rögnvaldsson (Hólmfríður Gísladóttir, 2016) prófessor segir þau rök hafa verið nefnd að vel sé hægt að nota *það* og orðið hafi ekki neikvæða merkingu. Þessu segist hann ósammála og segir þetta vera sambærilegt því að fólk ætlaði sér að nota orðið *negri* vegna þess að því persónulega finnist það ekki hafa neikvæða merkingu, staðreyndin sé einfaldlega sú að orðið hafi neikvæða merkingu í huga fólks.

Einnig nefnir Eiríkur bókartitillinn *Hann var kallaður þetta* (Peltzer, 2002) þar sem hann segir orðið *þetta* hafa sömu neikvæðu merkingu og *það*. Þó ekki sé um alveg sömu orðmynd að ræða sé merkingin sú sama. Vert er að nefna að bókartitillinn sem Eiríkur talar um ber þess augljóslega merki að sagan fjalli um einhvern sem minna megi sín eða sé einskis verður fremur en að hún fjalli um annars ágætt líf einhvers.

4. 4. Um *hán* og notkun þess

Eftir að Alda (2013) hafði búið erlendis og vanist því að nota kynhlutlaus persónufornafrn fannst hani, eins og segir í kafla 4. 3., nauðsynlegt að búa til samsvarandi orð á íslensku. Auglýst var eftir hugmyndum á samfélagsmiðlum þar sem almenningi bauðst að koma með uppástungur að kynhlutlausu fornafrni og upp úr krafsinu kom orðið *hán*. Reynir Örn vinur Öldu stakk upp á orðinu við hán í upphafi.

Hann og Alda voru sammála um að orðið væri þjált og ákváðu þau í sameiningu hvernig orðið skyldi beygjast (Alda Villiljós, 2016).

Tafla 1.

Eintala:	hán	Fleirtala:	hán
Nefnifall:	hán	Nefnifall:	þau
Polfall:	hán	Polfall:	þau
Þágufall:	háni	Þágufall:	þeim
Eignarfall:	háns	Eignarfall:	þeirra

Tafla 1 sýnir hvernig orðið *hán* beygist í öllum föllum í eintölu og fleirtölu. Hugmyndin var sú að orðið beygðist eins og önnur svipuð hvorugkyns orð og því beygist það eins og hvorugkynsnafnorðin *rán* og *lán* (Alda Villiljós, 2016). Þrátt fyrir að kynsegin einstaklingar séu ekki hrifnir af því að hvorugkyns fornafnið *það* sé notað um þá virðist annað gilda um fleirtölu orðsins. Ekkert var því til fyrirstöðu að fleirtala orðsins *hán* væri *þau*. Sú orðmynd er algeng í íslensku þegar vísað er til fólks af báðum kynjum. Dæmi um slíkt eru *brúðhjón*, *systkini* og *fedgin*. Skýringin á því hvers vegna fleirtölu myndin *þau* er ekki neikvæð í huga kynsegin fólks eins og eintölu myndin *það* getur verið sú að algengara er að vísa til fólks með þeirri orðmynd.

Hán er myndað með tvíhljóðinu *á* [au] sem er samsett úr hljóðunum *a* [a] og *ú* [u]. Orðið er því eins og einhvers konar samsteypa orðanna *hann* og *hún*. Hugmyndin var að orðið væri blanda orðanna tveggja en hljómaði samt sem áður ekki of líkt öðru hvoru orðinu. Orðið beygist hlutlaust í nefnifalli og þolfalli en svipar til þágufalls kvenkyns (henni) og eignarfalls karlkyns (hans) en það er þó einungis skemmtileg tilviljun (Alda Villiljós, 2016).

Gagnrýnendur hafa haft orð á því að beygingu orðsins svipi heldur til karlkyns beygingar. Eiríkur Rögnvaldsson (Hólmfríður Gísladóttir, 2016) prófessor í íslenski

málfræði bendir á að beygingin sé líkust hvorugkyni. *Hán* beygist eins og hvorugkyns nafnorð, hlutlaust í nefnifalli og þolfalli, með *-i* endingu í þágufalli og *-s* endingu í eignarfalli.

4. 4. 1. Önnur kynhlutlaus fornöfn í íslensku

Hán er ekki eina hugmyndin að kynhlutlausu fornafni í íslensku og raunar ekki sú fyrsta sem leit dagsins ljós. Þegar Alda hófst handa við að finna nýtt fornafn sem væri kynhlutlaust vissi hán ekki að slíkt hefði nú þegar verið gert hér á landi, meðan hán bjó erlendis. Orðmyndirnar sem þegar hafði verið stungið upp á voru *hín* og *hé* (Alda Villiljós, 2016).

Tafla 2.

Eintala:	hé	Eintala:	hín	Fleirtala:	hé/hín
Nefnifall:	<i>hé</i>	Nefnifall:	<i>hín</i>	Nefnifall:	<i>þau</i>
Þolfall:	<i>hé</i>	Þolfall:	<i>hín</i>	Þolfall:	<i>þau</i>
Þágufall:	<i>hé</i>	Þágufall:	<i>híni</i>	Þágufall:	<i>þeim</i>
Eignarfall:	<i>hés</i>	Eignarfall:	<i>híns</i>	Eignarfall:	<i>þeirra</i>

Þessi orð beygjast eins og sambærileg hvorugkyns nafnorð, *hé* beygist eins og *fé* og *hín* eins og *lín*. Fleirtölumynd beggja orða er *þau* líkt og fleirtölumynd *hán*.

Hugmyndir að kynhlutlausu fornafni eru því orðnar þrjár. Að mati Öldu skiptir ekki máli hvort fólk vísar til hans með *hán*, *hín* eða *hé*. Svo framarlega sem ekki sé vísað til hans með orðinu *það* er hán sátt (Alda, 2016).

Þrátt fyrir að almenningur geti hugsað sér að notast við kynhlutlaust persónufornafn er ekki þar með sagt að hann sé tilbúinn til þess að læra þrjár mismunandi gerðir af slíku orði. Mikilvægt er að kynsegin einstaklingar komi sér saman um eitt orð sem skuli nota ef orðið á að komast í almenna notkun. Líklegt er að *hán* hafi vinninginn en það orð hefur fengið töluvert meiri umfjöllun en hin tvö.

5. Notkun *hán*

5. 1. Könnun á viðhorfi málnotenda til *hans*

Gerð var könnun á viðhorfi íslenskra málhafa til kynhlutlausra persónufornafnsins *hán* til þess að athuga hvort almenningur þekkti orðið og hvort hann gæti hugsað sér að nota það. Könnunin fór fram á vefsíðunni www.surveymonkey.com, síðu sem hýsir vefkannanir. Vefslóð könnunarinnar var svo dreift á samfélagsmiðlinum Facebook.

Farin var sú leið að aðilar á ýmsum aldri og af báðum kynjum, sem ekki höfðu þegar stofnað til umræðu um kynhlutlaus fornöfn á Facebook síðu sinni, deildu vefslóð könnunarinnar. Alls fengust 210 aðilar til þess að taka þátt og var kynjahlutfallið tiltölulega jafnt. Karlkyns þátttakendur voru 44,29%, kvenkyns þátttakendur voru 54,29% og þeir sem skilgreindu sig ekki eftir kyni voru 1,43%.


5. 1. 1. Könnunin

Nafnleyndar var gætt í könnuninni en þær persónuupplýsingar sem óskað var eftir voru *kyn* og *aldurshópur*. Þátttakendur voru á öllum aldri en fjölmennasti aldursflokkurinn var 25-34 ára eða 31,90% þátttakenda. Spurningar um *hán* voru þrjár. Fyrsta spurning var hvort þátttakendur þekktu persónufornafnið. Næsta spurning var hvort þeir sem þekktu orðið hefðu notað það. Að lokum kom svo stutt kynning á orðinu til þess að þeir sem þekktu það ekki fengju einhverja hugmynd um hvernig orð væri að ræða. Tekið var fram að orðið væri hugmynd að kynhlutlausu persónufornafni sem væri hugsað sem viðbót við fornöfnin *hann* og *hún*. Beyging orðsins í eintölu og fleirtölu var gerð kunn og síðan sú spurning borin upp hvort viðkomandi gæti hugsað sér að nota orðið. Þeir sem svöruðu þeirri spurningu neitandi höfðu tækifæri til þess að segja frá því hvers vegna þeir gætu það ekki. Tilgangurinn var að fá einhverja mynd af því hvað mælti helst gegn notkun orðsins.

5. 1. 2. Niðurstöður

Hér skal tekið fram að í eftirfarandi skífuritum og niðurstöðum hafa prósentutölur verið námundaðar í heilar tölur.


Þekkir þú persónufornafnið hán?



Mynd 1. Hlutfall þeirra sem þekkja orðið *hán*

Þeir sem kannast ekki við nýja persónufornafnið eru eins og Mynd 1 sýnir 46% þátttakenda. 44% þekkja það og 10% gera það ekki en hafa heyrt það. Rétt rúmlega helmingur hefur að minnsta kosti heyrt á orðið minnst en hlutfall þeirra sem þekkja orðið og þeirra sem gera það ekki er svipað.


Hefur þú notað orðið?



Mynd 2. Hlutfall þeirra sem þekkja *hán* sem hafa notað orðið

Þess ber að geta að niðurstöður sem Mynd 2 sýnir eru einungis svör þeirra sem þekktu orðið fyrir. Meirihluti þeirra sem þekkja orðið hefur ekki notað það eða 62% svarenda. 31% svarenda hefur aðeins notað orðið þegar um það er rætt en einungis 7% hafa notað það í þeim tilgangi sem því er ætlað.

Getur þú hugsað þér að nota hán?



Mynd 3. Hlutfall þeirra sem geta hugsað sér að nota orðið *hán*.

Meirihluti þátttakenda eða 55% gat hugsað sér að nota nýja persónufornafnið en 45% svaraði þeirri spurningu neitandi. Þessum 45% gafst kostur á að gefa skýringu á neikvæðu svari sínu. Alls voru 83 sem skrifuðu sína skoðun.

Algengasta skýring þess að fólk gat ekki hugsað sér að nota *hán* var sú að orðið var talið á einhvern hátt ekki nægilega gott, sumum fannst það ljótt og aðrir sögðu það óþjált. Sumir tóku fram að orðið væri framandi og þeir hefðu enn ekki vanist því. Einhverjir tóku fram að þrátt fyrir að þykja orðið ekki nægilega gott væru þeir þó ekki með neina betri uppástungu.

Tvær skýringar voru næst algengastar. Fyrri skýringin var sú að notkun á orði sem þessu væri hreint og beint kjánaleg eða asnaleg. Síðari skýringin var sú að þau fornöfn sem til eru í málinu ættu alveg að duga. Sumum fannst hvorugkyns fornafnið *það* vera nægilega gott og aðrir sögðu að *hann* og *hún* hlytu að duga.

Þriðja algengasta skýringin var að ekki væri mögulegt að vera eitthvað annað en annaðhvort karl eða kona. Til viðbótar má nefna að einn þátttakenda tekur fram að hann viti ekki hvenær væri rétt að nota *hán* og hvenær ekki og stingur upp á því að ef *hán* eigi á annað borð að komast í notkun sé einfaldast að sleppa *hann* og *hún* alveg. Með slíkri notkun myndi orðið þjóna svipuðum tilgangi og upphafleg fyrirmynd þess, *hän* í finnsku.

Miðað við þau svör sem gefin voru hér að ofan er ekki óhugsandi að einhverjir málhafar séu neikvæðir í garð orðsins vegna persónulegra skoðana sinna á fólkinu sem orðið á að vísa til. Til dæmis geta þau svör að ekki sé hægt að vera annað en karl eða kona bent til þess að viðhorf til orðsins *hán* hafi eitthvað með skoðanir á kynsegin fólki að gera. Athyglisvert er að hvergi komu fram þau rök að fornöfn væru lokaður flokkur en eins og áður segir eru það helst málfræðingar sem nefna þau rök en ekki almenningur.


Þegar horft er á heildarniðurstöður úr könnuninni er þekking á orðinu *hán* í meðallagi en tæplega helmingur þekkir orðið, tæpur helmingur gerir það ekki. Um 10% hafa heyrt orðið en þekkja ekki. Notkun þess er aftur á móti ekki mikil og er það mun meira notað í umræðum heldur en í þeim tilgangi sem því er ætlað, að vísa kynhlutlaust til einstaklinga.

Í kafla tvö segir að sænska persónufornafnið *hen* sé í *meta-notkun*, sem þýðir að orðið er rætt meira en það er notað. Slíkt á greinilega við um íslenska *hán* samkvæmt þeim niðurstöðum sem Mynd 2 sýnir. Á meðan orðið er enn á umræðustigi er ekki að undrast að fáir hafi notað það í réttum tilgangi. Með aukinni umræðu hljómar orðið oftar í eyrum landsmanna sem gæti dregið úr framandleika þess. Þær niðurstöður að ríflega helmingur geti hugsað sér að nota nýja persónufornafnið eru jákvæðar fyrir þróun þess. Líkt og sænska *hen* gæti *hán* unnið litla sigra ár frá ári. Því er ekki óhugsandi að orðið geti skipað sér sess í íslensku innan tíðar.

5. 1. 3. Munur á svörum karla og kvenna


Til viðbótar er vert að nefna samanburð svara karla og kvenna. Sjálfst segist Alda Villiljós (2016) ekki taka eftir því að munur sé á viðhorfi milli kynjanna hvað varðar

hán. Niðurstöður þessarar könnunar eru ekki algerlega í samræmi við þá tilfinningu Öldu.




Mynd 4. Hlutföll svara kvenna og karla við spurningu um *hán*.

Mynd 4 sýnir greinilegan mun á svörum kynjanna en þar segjast 35% karla þekkja orðið en 53% þeirra segist ekki gera það. Þegar litið er á svör kvennanna eru 51% sem segjast þekkja orðið en 38% gera það ekki. Um 10% í flokki beggja kynja höfðu heyrt orðið en þekktu það ekki. Konur þekkja því greinilega eilítið betur til orðsins en karlar samkvæmt þessum niðurstöðum.



Mynd 5. Hlutföll svara kvenna og karla um notkun orðsins *hán*.

Á Mynd 5 má sjá nokkurn mun á niðurstöðum milli kynja. Karlar sem ekki höfðu notað orðið voru um 73% en konur ekki nema 52%. Þeir sem höfðu notað orðið í umræðum voru 21% í hópi karla en 39% í hópi kvenna. Um 9% úr kvenkyns hópnun hafði notað orðið í réttum tilgangi en í hópi karlkyns voru um 5% sem höfðu gert það.



Mynd 6. Hlutföll svara kvenna og karla á viðhorfi til orðsins *hán*.

Á Mynd 6 má sjá þriðju og síðustu spurninguna sem sýnir einnig afgerandi mun á svörum karla og kvenna. Konur sem gátu hugsað sér að nota orðið voru 69% en þær sem gátu ekki hugsað sér það voru 31%. Karlarnir sem gátu hugsað sér að nota orðið voru aðeins 40% en þeir sem gátu ekki hugsað sér það voru 60%.

Þegar horft er á samanburð svara kynjanna við könnuninni má sjá að konur þekkja orðið betur, hafa oftast notað það en karlar og eru frekar reiðubúnað að nota það. Konur eru því á heildina litið töluvert jákvæðari í garð nýja persónufornafnsins.

5. 2. Mat kynsegin fólks á orðinu *það*

Eins og segir í kafla 5. 1. 2. eru þau rök oft nefnd að ástæða þess að fólk vilji ekki nota orðið *hán* sé að nú þegar séu til persónufornöfn í málinu sem ættu að duga. Nokkrir þeirra nefna að notkun orðsins *það* gæti þjónað sama tilgangi og *hán*. Í fjórða kafla hér að framan segir frá því hvers vegna persónufornafnið *það* sé ekki nægilega hentugt að mati kynsegin einstaklinga, slíkt henti ekki vegna þess hve gildishlaðið orðið sé.

Rætt var við nokkra einstaklinga úr kynsegin samfélaginu um notkun orðsins *það* og þeir spurðir að því hvort hvorugkyns persónufornafnið hafi einhvern tíma verið notað um þá í niðrandi eða neikvæðum skilningi. Allir svöruðu því játandi. Einn þessara einstaklinga tók fram að þrátt fyrir að vera partur af kynsegin samfélaginu í dag hafi orðið verið notað um hann löngu fyrr. Þá sem partur af einelti í grunnskóla, þegar viðkomandi var barn. Merkingin er þá sú að viðkomandi sé einskis virði, flokkist sem dauður hlutur og fleira í þeim dúr. Orðið er þar notað á sama hátt og drengurinn sem var kallaður *þetta* í áðurnefndum bókartitli. Ljóst er að enginn vafi er á því meðal kynsegin einstaklinga að orðið *það* er gildishlaðið og getur falið í sér neikvæða merkingu. Þess vegna er sú skoðun algeng meðal kynsegin fólks að orðið henti ekki nægilega vel til að vísa til þess.

Þrátt fyrir að flestir innan kynsegin samfélagsins séu sammála um að orðið *það* feli í sér neikvæða merkingu eru ekki allir sammála um að orðið sé ónothæft. Sumir kynsegin einstaklingar vilja að orðið sé notað um þá. Þetta þýðir þó ekki að þessum sömu einstaklingum þyki orðið ekki gildishlaðið heldur er hugsunin frekar að orðið

fái uppreist æru. Hér á árum áður þótti orðið *hinsegin* vera neikvætt en í dag eru Samtökin '78 félag *hinsegin fólks*.

Þegar einstaklingur sem er niðurlægður með einhverju tilteknu orði tekur upp á því að nota orðið sjálfur hefur hann að vissu leyti slegið vopnin úr höndum andstæðings síns. Þannig yrði hugsanlega erfitt að tala niðrandi til fólks með því að nota orðið *það* ef sama fólk hefur óskað eftir að svo sé gert. Þrátt fyrir að sumir kynsegin einstaklingar geti hugsað sér að nota hvorugkyns persónufornafnið *það* er það almenn skoðun innan kynsegin samfélagsins að þörf sé á nýju kynhlutlausu persónufornafni (Alda Villiljós, 2016).

5. 3. Mikilvægi þess að orðið komi úr kynsegin samfélaginu

Margir hafa skoðun á því hvaða orð sé best að nota um kynsegin einstaklinga eins og niðurstöður hér að ofan sýna meðal annars. Sumir telja *hán* vera í lagi, öðrum finnst það ekki mjög hentugt og enn aðrir segja nægilega gott að nota persónufornafnið *það*. Líklega er best að komast að því hvort kynsegin einstaklingur sem um ræðir telur í lagi að nota persónufornafnið *það* áður en það er gert (sjá Áttavitinn, 2015).

Hvað sem öðru líður er mikilvægt að fólki sem orðið vísar til sé sátt við hvaða orð sé notað. Einnig er mikilvægt að notast við þær tillögur sem koma úr kynsegin samfélaginu þó svo það sé í lagi að fá álit frá málfræðingum eða almenningi. Kynsegin einstaklingar eru nú þegar mjög neðarlega í valdastiganum og því er afar mikilvægt að þeir fái að velja það orð sem notað er um þá. Nú þegar hefur kynsegin fólk mátt hlusta á alls kyns leiðbeiningar frá öðru fólki um hvernig það eigi og eigi ekki að vera (Alda Villiljós, 2016). Sama virðist gilda í málsamfélagi heyrnarlausra en svo virðist sem nýjar uppástungur að táknum í táknmáli séu síður samþykktar þegar þær koma frá heyrandi fólki. Þannig virðist táknið frekar þurfa að koma frá hópnum sem þarf að nota það heldur en frá utanaðkomandi aðila (Burns o.fl., 2001).

6. Önnur vandkvæði en persónufornafnið sjálf

Þrátt fyrir að nýtt fornafn yrði tekið í gagnið til þess að vísa til kynsegin einstaklinga eru ekki öll málfræðileg vandamál úr sögunni hvað þá varðar. Fornöfn í íslensku eru ekki einu orðin sem gera kröfu um kyngreiningu fólks. Nafnorð í íslensku eru karlkyns, kvenkyns og hvorugkyns eins og áður segir og beygð lýsingarorð fylgja kyni nafnorðsins sem þau standa með. Til þess að hægt sé að tala um kynsegin einstaklinga algerlega án þess að greina þá eftir kyni er ekki nóg að bæta við kynhlutlausu fornafni. Lausn þarf að finna á vandamálum sem snúa að lýsingarorðum, nafnorðum og fleiru.

6.1 Sambeyging lýsingarorða

Í ensku og sænsku eru lýsingarorð ekki vandamál fyrir kynsegin fólk því þau sambeygjast ekki með nafnorðum líkt og þau gera í íslensku. Hægt er að segja við ókunnuga manneskju á förnnum vegi að hún sé skemmtileg eða falleg án þess að vita nokkuð um kyn hennar á tungumálum eins og ensku og sænsku.

- (6) a. Enska: You are **fun** - You are **beautiful**
b. Sænska: Du är **rolig** - Du är **vacker**
c. Íslenska: Þú ert **fallegur/falleg/fallegt** -

Þú ert **skemmtilegur/skemmtileg/skemmtilegt**

Eins og sést í lið (c) í dæmi (6) er íslenskan frábrugðin ensku og sænsku að því leyti að tilgreina þarf kyn þegar lýsingarorð er valið. Vissulega eru til óbeygð lýsingarorð eins og *aðlaðandi* sem er eins í öllum kynjum en vandinn snýr ekki að þeim.

Það hlýtur að teljast meiriháttar verkefni að ætla að bæta við nýrri kynhlutlausri mynd af hverju einasta beygða lýsingarorði í íslensku. Slíkt væri flókið og erfitt verkefni. Hugmyndin er sú að með persónufornafninu hán komi lýsingarorð í hvorugkyni. Slíkt segir Alda Villiljós (2016) hafa tekið um eitt og hálf ár fyrir sig að venjast og enn sé hán að detta um eitt og eitt orð. Sum lýsingarorð í hvorugkyni eru notuð þegar talað er um *skáld* eða *barn* sem dæmi. En það eru mörg lýsingarorð sem fólk notar um sjálf sig sem sjaldan eru notuð um *skáld* eða *barn* og getur það hljómað einkennilega í fyrstu (Alda Villiljós, 2016).

Kynsegin einstaklingar hafa ekki allir gengið svo langt að nota lýsingarorð um sig í hvorugkyni enda getur verið nægilega snúið fyrir suma að skipta um persónufornafn. Þessir einstaklingar láta þá duga að nota áfram lýsingarorð um sig í kvenkyni eða karlkyni, jafnvel bæði sitt á hvað (Alda Villiljós, 2016). Þess má einnig geta að notkun hvorugkyns er í sjálfu sér ekki vandamál fyrir kynsegin fólk. Vandinn snýr fyrst og fremst að hvorugkyns persónufornafninu *það*.

6. 2. Nafnorð

Nafnorð skapa ákveðinn vanda fyrir kynsegin fólk, þá einna helst frændsemissorð sem einungis eru til í karlkyni og kvenkyni. Þetta eru orð sem segja til um fjölskyldutengsl eins og *mamma*, *pabbi*, *afi*, *amma*, *frændi* og *frænka*. Hægt er að notast við hlutlaus orð eins og *foreldri* eða *skyldmenni* en þau eru langt frá því að vera eins lýsandi og þau orð sem áður eru nefnd. Kynjatvíhyggjan gerir ráð fyrir því að einstaklingar í hjónabandi séu annaðhvort eiginmenn eða eiginkonur og sambærileg orð eru ekki til fyrir þá sem eru kynsegin. Lausnin við þessum vanda er einna helst nýyrðasmiði og þar má nýta sér samfélagsmiðla til þess að ná til fólks og leyfa því að koma með hugmyndir að þeim kynhlutlausu orðum sem vantar (Alda Villiljós, 2016).

Árið 2015 efndu Samtökin '78 til nýyrðasamkeppni í þeim tilgangi að finna íslenskar þýðingar og hvorugkynsmyndir nafnorða sem þörf var á, slík orð voru svokölluð hýryrði. Fengu skipuleggjendur samkeppninnar til liðs við sig fólk úr hinsegin samfélaginu sem og málfræðinga til þess að dæma í keppninni. Því eins og áður segir er mikilvægt að fólkið sem hýryrðin ná yfir hafi sitt hvað um málið að segja.

6. 3. Hýryrðasamkeppni

Nýyrðasamkeppni um hýryrði fór þannig fram að óskað var eftir hugmyndum að 16 orðum í flokkunum *kynhneigð*, *kynvitund*, *kyn tjáning* og *ókyngreind frændsemissorð*. Þátttaka var mjög góð og voru úrslit tilkynnt á degi íslenskrar tungu 2015. Valin voru þrettán orð sem átti að kynna nánar. Þau voru ekki hugsuð sem endanlegt val heldur sem tillögur sem hægt væri að ræða enn frekar og máta við tungumálið (Vera Illugadóttir, 2015).

Úr flokknum *kyn tjáning* voru tvær álitlegar þýðingar á enska hugtakinu androgynous, þær voru *dulkynja* og *vífguma*. Ókyngreindu frændsemissorðin sem þóttu best voru

kærast í stað *kærasti/kærasta* og forna orðið *bur* í stað *sonur/dóttir*. Bur er upphaflega gamalt karlkynsorð en það er auðveldlega hægt að laga að hvorugkyns beygingu að mati dómnefndar. Í flokki kynhneigðar voru tvær tillögur að þýðingu á orðinu asexual sem þóttu góðar, *eikynhneigður* og *ókynhneigður*. Tvær þýðingar þóttu skara fram úr í flokki kynvitundar, *tvígerva* (e. *bigender*) og *flæðigerva* (e. *genderfluid*) (Vera Illugadóttir, 2015).

Með því að efna til hýrýrðasamkeppni má finna hugsanlegar lausnir á því sem vantar upp á til þess að kynsegin einstaklingar geti talað um sig án þess að þurfa stöðugt að skilgreina sig sem karl- eða kvenkyns. Enn er þó langt í land og orð eins og *frænka*, *frændi*, *systir*, *bróðir*, *mamma* og *pabbi* hljóta að þurfa að fá kynlausa útgáfu en þangað til væri hugsanlegt að nota orðin *foreldri*, *skyldmenni* og *systkini* sem einhvers konar lausnir.

Að lokum

Í þessari ritgerð hefur verið gerð grein fyrir helstu atriðum sem varða kynhlutlausa persónufornafnið *hán*. Formdeildin kyn í íslensku gerir það að verkum að tungumálið er mjög kyngreint og erfitt er að komast hjá því að greina einstaklinga eftir kyni þegar um þá er rætt. Þessi kyngreining getur jafnvel valdið því að einstaklingar upplifa sig á einhvern hátt út undan. Tungumálið er partur af sjálfsmynd fólks og skiptir því miklu máli fyrir hvern og einn að vera ekki skilgreindur sem partur af einhverju sem hann vill ekki vera.

Kynsegin einstaklingar vilja ekki skilgreina sig sem karlkyns eða kvenkyns og er það mat þeirra að þörf sé á nýju persónufornafni í málinu. Hvorugkyns persónufornafnið *það* er að þeirra mati of gildishlaðið til þess að hægt sé að notast við það. Hugmynd þessa hóps er því að bæta við nýja fornafninu *hán* í íslensku sem er kynhlutlaust. Orðið væri ákveðin lausn á því að þurfa stöðugt að velja milli þess að nota *hann*, *hún* eða *það*. Nú þegar hefur fólk innan kynsegin hópsins tamið sér að nota orðið um kynsegin fólk svo ekki er hægt að segja að slíkt sé ógerlegt.

Til þess að orðið geti komist í almenna notkun er mikilvægt að almenningur sé jákvæður í garð þess. Kramsch (2015, bls. 75) talar um að þeir sem ekki nota staðlað mál þjóðar upplifa sig gjarnan utangátta. Verði orðið *hán* partur af stöðluðu máli er ólíklegra að kynsegin fólkið upplifi sig út undan hvað tungumálið varðar.

Helstu niðurstöður í könnun á viðhorfi málhafa sýna að meirihluti svarenda var jákvæður í garð orðsins sem hlýtur að teljast gott fyrir þá sem vilja fá orðið í almenna notkun. Munurinn á jákvæðum og neikvæðum svörum var þó ekki gríðarlegur en þeir sem gátu hugsað sér að nota orðið voru 55% svarenda en þeir sem gátu ekki hugsað sér það voru 45% sem telst ekki mikill minnihluti. Ný orð eru alltaf framandi í fyrstu og þeim þarf að venjast. Umræða um *hán* ætti því að vera af hinu góða og því oftár sem orðið hljómar í eyrum landsmanna því eðlilegra ætti það að hljóma með tímanum. Aftur á móti er ekki útilokað að einhverjir málhafar séu neikvæðir í garð orðsins vegna skoðana sinna á fólkinu sem orðið á við en því gæti reynst erfðara að breyta.

Sænska *hen* vann litla sigra ár frá ári og ekki er útilokað að orðið *hán* geti gert slíkt hið sama. Íslenska er kyngreint mál og vert er að nefna að lokum að ekki eru öll vandkvæði úr sögunni fyrir kynsegin fólk þó svo að *hán* yrði almennt tekið í notkun. Lýsingarorð í íslensku gera kröfu um að kyn sé valið og getur kynsegin fólk farið þá leið að notast við hvorugkynsmyndir þeirra. Helsti vandinn snýr þó líklega að nafnorðum og einna helst frændsemissorðum. Lausn á þeim vanda er nýyrðasmíð en ekki er víst að almenningur sé tilbúinn að læra aragrúa af kynhlutlausum nafnorðum þó hann sé tilbúinn til þess að taka persónufornafnið *hán* í sátt.

Heimildaskrá

Alda Villiljós. (2013, 9. september). Hán - nýtt persónufornafn? [bloggfærsla]. Sótt af <https://knuz.wordpress.com/2013/09/09/han-nytt-personufornafn/>

_____. (2016) Viðtal höfundar við Öldu Villiljós um fornað *hán*, 3. mars.

Arnaldur Indriðason. (2000). *Mýrin*. Vaka-Helgafell, Reykjavík.

Áttavitinn. (2015, 30. júlí) Það sem þú skalt ekki segja við trans fólk. Sótt af <http://attavitinn.is/einkalif/hinsegin-lgbtqia/thad-sem-thu-skalt-ekki-segja-vid-trans-folk>

Auður Eir Vilhjálmsdóttir. (2001). Mál beggja kynja. *Kirkjuritið*, 67(1), bls. 14.

_____. (2005). Mál beggja kynja. *Skíma*, 28(2), 42-43.

Burns, S., Matthews, P. og Nolan-Conroy, E. (2001). Language attitudes. Í Ceil Lucas (ritstj.) *The Sociolinguistics of Sign Languages*, bls. 181-182. Cambridge University Press, Cambridge.

Dahlstedt, K. H. (1967). Språkvård och samhällssyn. Í Wachtmeister, C. A. og Lövnas, A. (ritstj.) *Språk, språkvård och kommunikation*. (bls. 93-112). Berlingska Boktryckeriet, Lund.

Eiríkur Rögnvaldsson. (2013). *Hljóðkerfi og orðhlutakerfi íslensku*. Sótt af <https://notendur.hi.is/eirikur/hoi.pdf>

Gabrielsson, A. (2015, 20. apríl) ”hen” tar plats I SAOL - men DN fortsätter vara restriktiva. *Dagens media*. Sótt af <http://www.dagensmedia.se/marknadsforing/kampanjer/hen-tar-plats-i-saol-men-dn-fortsatter-vara-restriktiva-6088975>

Guðrún Þórhallsdóttir. (2008) Kalkyn eða hvorugkyn? Íslensk málhefð, femínísk málstyring og verkefni þýðingarnefndar. *Gliman*, 5(1), 103-134.

Häkkinen, K. (2004). Finnska. Í Iben Stampe Sletten (ritstj.). *Norðurlandamálin með rötum og fótum* (bls. 75-81).

Henriksson, R. (2014, 29. júní). ”hen” med i ordlistan. *Dagens nyheter*. Sótt af <http://www.dn.se/kultur-noje/spraket/hen-med-i-ordlistan/>

Hólmfríður Gísladóttir. (2016). „Það kys enginn að vera kallaður „það““ *Morgunblaðið* 12. janúar. Sótt af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/01/09/thad_kys_enginn_ad_vera_kalladur_thad_4/

Josephson, O. (2013, 8. janúar). Ett ”att” viktigare än stähjulingen. *Svenska dagbladet*. Sótt af <http://www.svd.se/ett-att-viktigare-an-stahjulingen>

- Kramsch, C. (1998). *Language and culture*. Oxford University Press, Oxford.
- Kövecses, Z. (2006). *Language, mind, and culture*. Oxford University Press, New York.
- Ledin, P. og Lyngfelt, B. (2013). Om bruket av *hen* i bloggar, tidningstexter och studentuppsatser. *Språk og stil*, 23(1), 141-174.
- Lundqvist, J. (2012). *Kivi och monsterhund*. Olik förlag, Stokkholmur.
- Milles, K. (2013). En öppning i en sluten ordklass? Den nya användningen av pronomenet *hen*. *Språk og stil*, 23(1), 107-140.
- Non-binary Ísland. (e.d.). Fornöfn. Sótt 23. apríl af <http://nonbinaryiceland.tumblr.com/fornofn>
- Samtökin '78. (e.d.). Um samtökin. Sótt 11. apríl 2012 af <http://www.samtokin78.is/um-felagid>
- Pelzer, D. (2002). *Hann var kallaður „þetta“*. (Sigrún Árnadóttir þýddi). JPV, Reykjavík.
- Vera Illugadóttir. (2015, 16. nóvember). Dulkynja og tvígerva meðal hýrýrða ársins. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/dulkynja-og-tvigerva-medal-hyryrda-arsins>